

„SKO ÉG GET ALVEG LESIÐ, EN ÉG NENNI EKKI AÐ LESA“

LESTRARÁHUGI DRENGJA OG LEIÐIR KENNARA TIL AÐ EFLA ÁHUGA NEMENDA
SINNA Á LESTRI

RANNSÓKNIN

Eigindleg viðtalsrannsókn

- 8 unglingsdrengrir og 4 reyndir kennarar

Rannsóknarspurningar

- Hver er áhugi unglingsdrengra á lestri?
- Breytist lestraráhugi drengja eftir því sem á líður skólagönguna?
- Hvernig er lestrarkennslu háttað á mið- og unglingastigi?
- Hvernig stuðla kennarar að auknum áhuga drengja á lestri?



AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

- Lestur ein af grundvallar forsendum fyrir þátttöku í samfélaginu.
- Góð lestrarfærni undirstaða ævináms.
- Tilgangur lestrarkennslu á að vera að efla sjálfstæði nemenda og kenna þeim að beita aðferðum við lestur og skilning sem hæfa tilgangi lestrarins og nýtast þeim til aukins árangurs í námi.
- Megin hlutverk kennara er að vekja og viðhalda áhuga nemenda á námi, vera þeim leiðtogi í námi og skapa þeim fjölbreyttar námsaðstæður sem koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.



EN HVAÐ ER ÁHUGAHVÖT?

- Grunnur að hegðun fólks – eldsneyti hegðunar.
- Notað til að útskýra af hverju við hugsum og högum okkur eins og við gerum.
- Grunnur að persónulegum markmiðum einstaklings.
- Byggir á fyrri reynslu, þörfum, hugsunum, tilfinningum, félagslegum og menningarlegum þáttum.



INNRI OG YTRI ÁHUGAHVÖT

- Innri áhugahvöt:
 - löngun eða þrá til að skuldbinda sig viðfangsefni sem er gefandi, vekur upp jákvæðar tilfinningar og byggir á eðlislægri þörf viðkomandi
 - byggir á forvitni, áhuga og eldmóði
- Ytri áhugahvöt:
 - það að þóknast öðrum stýrir hegðun einstaklings
 - keppni, verðlaun, viðurkenningar annarra
- Sambland innri og ytri áhugahvatar:
 - óspennandi verkefni unnin vegna innri þarfar fyrir viðurkenningu eða að ná eftirsóknarverðum markmiðum
 - ytri áhugahvöt getur leitt til aukins áhuga og vakið forvitni á nýju viðfangsefni



FIMM LYKILSPURNINGAR

1. *Hvaða ákvarðanir tekur fólk varðandi hegðun sína?* Af hverju kjósa sumir nemendur t.d. að vinna heimanámið sitt meðan aðrir kjósa að horfa á sjónvarp?
2. *Hve langan tíma tekur að komast í gang?* Af hverju byrja sumir nemendur strax að vinna meðan aðrir draga það á langinn?
3. *Hversu virkur er einstaklingurinn í þeirri athöfn sem valin er?* Er nemandinn niðursokkinn og einbeittur eða er hann bara að gera eitthvað til málamynda?
4. *Hvað fær einstakling til að halda seiglu annars vegar eða gefast upp hins vegar?* Mun nemandi lesa heilt verk eftir Laxness eða bara örfáar blaðsíður?
5. *Hverjar eru persónulegar hugsanir og tilfinningar einstaklings sem er virkur og áhugasamur í verkefninu?* Nýtur nemandinn þess að lesa Laxness og líður vel með það eða gerir hann það vegna kvíða fyrir yfirvofandi prófi?

(Woolfolk, 2007)



„Þú getur leitt hest að vatni, en þú getur ekki látið hann drekka vatnið“



HVETJUM TIL FORVITNI

- Börn eru frá fæðingu virkir, forvitnir og gáskafullir einstaklingar sem hafa náttúrulega löngun til að læra og uppgötva.
- Hlutverk skólanna er að
 - styrkja og örva uppbyggjandi athafnir og koma í veg fyrir þætti sem letja og draga úr virkni nemenda
 - skapa nemendum námsumhverfi sem hvetur þá til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Er beintengt við meiri áhuga, tilfinningu fyrir eigin hæfileikum, sköpun, hugtakaskilning og vilja til að ná árangri.

(McLean, 2006, Woolfolk, 2007)



Eigum við þá bara að leyfa nemendum að valsa um, vera fullkomlega frjálsir og stjórna námi sínu alveg sjálfir?

En þeir verða nú stundum líka að læra að gera leiðinlega hluti. Það er ekki allt skemmtilegt í lífinu...

Það er nú nauðsynlegt að hafa stjórn á hlutunum og halda skráningu á þeim bókum sem þeir eru búin með...



ÓLÍK SJÓNARMÍÐ Á ÞÁTT ÁHUGAHVATAR Í SKÓLASTARFI

Annars vegar - Nám á að vera eintóm skemmtun og lítill áhugi nemenda orsakast af því að kennarar breyta ágætum verkefnum í leiðinda strit og stagl.

Hins vegar - Nám í skóla er í eðli sínu leiðinlegt og tilgangslaust og því nauðsynlegt að treysta á umbun og refsingu.



ÓLÍK SJÓNARMÍÐ FRH...

Í kjölfar fleiri rannsókna á áhugahvöt

Meira jafnvægi og fjölbreyttar nálganir á leiðir til að efla áhugahvöt nemenda með áherslu á skilning og virka hlustun.

Nauðsynlegt að skapa virkt lærdómssamfélag þar sem nemendur finna að borin er virðing fyrir þeim og þeirra skoðunum, komið til móts við þarfir þeirra og áhugasvið og þeir finna að framlag þeirra skiptir máli.

(Good og Brophy, 2008)



7 LEIÐIR TIL AÐ DREPA NIÐUR ÁHUGA NEMENDA Á LESTRI

1. Að tilgreina hve mikið eða hve lengi skal lesa...
2. Að halda skráningu yfir það sem lesið er. Með því að krefjast þess að nemendur sanni hve oft eða mikið þeir lásu dvínar áhugi þeirra á því að lesa.
3. Einangra nemendur í stað þess að bjóða upp á leshópa/leshringi...
4. Einblína á færní...
5. Vera með umbunarkerfi...
6. Undirbúa nemendur fyrir próf...
7. Takmarka valmöguleika nemenda..

(Kohn, 2010)



STARFSHÆTTIR Í ÍSLENSKUM GRUNNSKÓLUM

- Kennarar: Um 60 % kennara segjast nota beina kennslu (fyrirlestra og útskýringar) daglega.
- Kennarar: Rúmlega 50 % kennara segjast nota vinnubækur og verkefnabækur daglega.
- Nemendur: Vinnubókarvinna og fyrirlestrar oftast notað.
- Nemendur: Kölluðu eftir meiri fjölbreytni, s.s. samvinnu, umræðu/rökræðu, sjálfstæðum vinnubrögðum, námi í gegnum leik og val um viðfangsefni og leiðir.

(Ingvar Sigurgeirsson, 2011, Rúnar Sigþórsson, 2013)



STAÐA LESTRARKENNSLU Í ÍSLENSKUM GRUNNSKÓLUM, SKÝRSLA FRÁ 2009

- Formleg lestrarkennsla eingöngu á yngsta stigi grunnskólans.
- Áhersla á lestur lítil á unglingastigi, meiri tími fer í málfræðikennslu.
- Skortur á námsefni til að efla lesskilning, efni helst stílað inn á málfræði og eyðufyllingarverkefni.
- Innlögn frá töflu og einstaklingsvinna í verkefnabækur.
- Álitið að lestrarkennsla felist einna helst í að auka leshraða nemenda og svara skriflegum spurningum úr bókmenntatexta.

(Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2009, Rúnar Sigbórsson, 2011)





AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Í skólum skal leggja áherslu á að drengir og stúlkur eigi jafna möguleika í einu og öllu og að hvergi í skólastarfinu eigi að vera hindranir í vegi þeirra.



KYNJAMUNUR Á VIÐHORFI NEMENDA TIL SKÓLASTARFS

- 1310 nemendur í 21 skóla í Englandi, yngsta stig
- Greining niðurstaðna leiddi til flokkunar nemenda í fimm hópa:
 1. Fullir af eldmóði og sjálfsöruggir = **stúlkur** í meirihluta.
 2. Skuldbinda sig verkefnum en skortir sjálfsálit = **stúlkur** í meirihluta.
 3. Hóflega áhugasamir, leiðist auðveldlega = **drengir** í meirihluta.
 4. Félagslega sterkir en fráhverfir námi = **drengir** í meirihluta.
 5. Algjörlega afhuga námi = **drengir** í meirihluta.

(Gray og McLellan, 2006)



SETJUM UPP KYNJAGLERAUGUN...



...OG notum þau á hverjum degi 😊




NIÐURSTÖÐUR – DRENGIR

1. *Lestraráhugi allra drengjanna átta minnkaði í 5. – 7. bekk.*
2. *Allir geta þeir vel lesið, sjái þeir tilgang með því.*
3. *Áhugi og þrautseigja minnkar hratt við torskilið námsefni eða ef efni höfðar lítið til þeirra.*
4. Lesa bara til að uppfylla kröfur kennara, nema í yndislestrarstundum, þær þóttu ánægjulegar.
5. Rithöfundaheimsóknir höfðu mjög hvetjandi áhrif.
6. *Drengjunum hugnast best hópavinna, verkleg og skapandi vinna, leiðinlegt að vinna í vinnubókum.*
7. Vilja hafa meira val um leiðir í náminu.
8. *Álitu kynjamun vera til staðar er kæmi að áhuga, en ekki varðandi sýn á kennsluhætti.*



1. LESTRARÁHUGI ALLRA DRENGJANNA ÁTTA MINNKAÐI Í 5. – 7. BEKK



2. GETA VEL LESIÐ, SJÁI ÞEIR TILGANGI MEÐ ÞVÍ

„Ef ég þarf að lesa og það er einhver tilgangur í því, þá les ég. Ég hef alveg þurft að lesa eitthvað sem ég sé ekki tilgang í og þá bara byrja ég að lesa og síðan bara gefst ég eiginlega upp...“

„...skiptir mestu máli að fylgjast með fréttum, íþróttum og þess háttar til að vera í sambandi við heiminn.“



3. ÁHUGI OG ÞRAUTSEIGJA MINNKAR HRATT VIÐ TORSKILIÐ NÁMSEFNI EÐA EF EFNI HÖFÐAR LÍTIÐ TIL ÞEIRRA

Skilja betur lesefni sem tengist áhugamálinu þeirra heldur en texta í námsbókum

„Allt í lagi svona um fótbolta og svona, en... ef ég er að lesa kannski einhverjar gamlar sögur... þá veit ég ekki neitt sko, ef það eru gömul orð og svona, það er erfitt...”

„Í samfélagsfræði er bara lesið og glósað, ekkert verið að útskýra orð... myndi skilja betur ef við fengjum að gera verkefni úr þessu... fengjum að vinna hópverkefni.”

„...náttúrufræði...af því að það er erfitt, svo mörg erfið orð, þá hætti ég að nenna að lesa það. Verður minna áhugavert.”



6. DRENGJUNUM HUGNAST BEST HÓPAVINNA, VERKLEG- OG SKAPANDI VINNA

„gaman þegar við erum að tala saman, ekki alltaf að vinna í bók“

„...ég nenni ekki í tíma ef ég veit að við eigum bara að skrifa eitthvað í bækur“

„...leiðinlegt að vinna alltaf í bókum“

„hafa meira fjör og tengja sögurnar við nútímamál“

„...alltaf bara að gera verkefni sem kennarinn ákveður, en bara verið að vinna í bókum. Það er leiðinlegt“

„ömurlegt að svara spurningum í bók“

„gaman í hópavinnu, læri meira af því“



GÓÐAR MINNINGAR ÚR KENNSLUSTUNDUM

„...mjög fínt... eiginlega ekki neitt unnið í bók, mest bara verið að spjalla, voða þægilegt og mér finnst ég ekkert læra minna af því.“

„...náttúrufræðikennarinn er með mjög skemmtilega aðferð... hann er alltaf glaður í tímum og hann kennir manni bara mjög þægilega. Hjálpar manni þegar maður þarf hjálp ... [við] veljum okkur verkefni tveir saman... og kynnum það í tímum... þarf náttúrulega að tengjast náttúrunni“



8. ÁLITU KYNJAMUN VERA TIL STAÐAR ER KÆMI AÐ ÁHUGA, EN EKKI VARÐANDI SÝN Á KENNSLUHÆTTI

- Stelpur lesa örugglega meira en strákar því þær eru minna í tölvuleikjum
- Eðlilegt að þær lesi meira, því þær eru „*alltaf búnar með allt á undan strákunum*“
- Stelpur halda sig frekar við efnið og er „*duglegri en strákar í öllu svona náms.. þær eru stelpur... hægari og þægari en strákar.*“
- „*stelpurnar mega alltaf fara fram að læra, en ekki við*“



*„...en ég er búin að heyra að það sé sannað
að stelpur séu betri að lesa en strákar“*



NIÐURSTÖÐUR KENNARAR

1. Yndislestur fastur liður hjá þremur kennurum.
2. Skortur á áhugaverðum bókum fyrir nemendur á miðstigi.
3. Rithöfundaheimsóknir hafa mjög lestrarhvetjandi áhrif.
4. Telja lestrarkennslu einkum eiga sér stað á yngsta stigi.
5. *Telja fjölbreytileika mikilvægan í skólastarfi en að auðvelt sé að festast í bókamiðun þrátt fyrir vilja til annars.*
6. *Óhefðbundin verkefni kalla alltaf fram meiri gleði hjá nemendum, samræða og fjölbreytt verkefnavinna.*
7. *Lítið hefð fyrir markvissri vinnu við að greina og nýta sterkar hliðar og áhugasvið nemenda.*
8. *Fundu fyrir nokkrum kynjamun í viðhorfi til lestrar og virkni í námi.*



5. TELJA FJÖLBREYTTILEIKA MIKILVÆGAN Í SKÓLASTARFI

Þegar unnið var markvisst með gagnvirkan lestur, orð dagsins, hugtakakort og fleiri orðanáms- og lesskilningsaðferðir, sást mælanlegur munur á áhuga og árangri. Sú vinna var hins vegar „svona átaksverkefni sem hefur í raun ekki alveg haldið áfram“

„maður á svolítið til að fara aftur í hefðbundna farið, bara aftur í kennsluáætlunina og klára þessi málfræðiatriði fyrir prófið og svona“



„Byrjendalæsi hefur breytt miklu og eins Orð af orði. [Það] hefur hjálpað til við að styðja það sem við vorum komin með áður, eins og gagnvirkan lestur. Fólk er mun meðvitaðra um lesskilning og máltilfinningu núna en áður.“



„...kannski reyna að hugsa meira út frá þáttum en blaðsíðum í bók. Maður dettur svolítið í það að vera bókamiðaður í kennslunni.“

„Svo er það stundataflan... allt of stíf mínútutalning... við erum með ýmsar skemmtilegar hugmyndir í kollinum sem gaman væri að prófa... en svo bara...tökum bara núna hljóðbreytingar... hérna tékk, tékk, tékk... af því að það eru samræmd próf eftir mánuð...“



„...við setjum okkur of strangan ramma kennararnir. Það er eins og við setjum einhverja skeiðklukku af stað á haustin...klára þetta og þetta og þetta og þetta... þurfum aðeins að slaka á. Gefa okkur svolítið frelsi til að gera hluti sem eru ekki síður mikilvægir fyrir krakkana... mjög mikið af skilaverkefnum, og stundum eru allir að sligast undan vinnu og maður er svona... þú veist, kvartandi yfir því hvað þetta er... mikil yfirferð og svona, og þá skil ég ekki... af hverju við erum að búa þetta til? Af hverju slökum við ekki bara á? Bara aðeins færri skilaverkefni og stagl...það er enginn að segja okkur að við þurfum að keyra þetta allt í gegn, og **svo eru krakkarnir okkar kannski ekki almennilega læsir**“





6. ÓHEFÐBUNDIN VERKEFNI KALLA ALLTAF FRAM MEIRI GLEÐI HJÁ NEMENDUM

Um vinnu með hætti sagna:

„...það var miklu skemmtilegra... til dæmis áhugavekjandi. Af því að náttúrulega hættirnir eru svo rosalega leiðinlegir! Og þeim finnst þeir bara rosalega erfiðir... þau áttu bara að kynna sér háttinn og setja upp veggspjald um hann og kenna bekknum um sinn hátt...þetta var alveg frábært, þau höfðu gaman af þessu og stóðu sig vel...þetta er örugglega það sem stendur uppúr í sagnorðavinnunni hjá þeim, það var bara gaman í tímum, var bara verið að hlægja hérna og vinna og þú veist ná í skæri og þú veist bara það er einhvern veginn allt öðruvísi dynamikk hér í tímanum heldur en þegar fólk var alveg að sitja yfir eyðufyllingunum...”



7. LÍTIL HEFÐ FYRIR AÐ GREINA OG NÝTA STERKAR HLIÐAR OG ÁHUGASVIÐ NEMENDA

„Þetta var erfið spurning...“




8. FUNDU FYRIR NOKKRUM KYNJAMUN Í VIÐHORFI TIL LESTRAR OG VIRKNI Í NÁMI

„Finnst þær ekki eiga eins á hættu að zóna út. Það þarf kannski einhverjar aðrar leiðir til að ná til strákanna. Stelpurnar eru vinnusamari og klára sitt og sína vinnu. Það eru miklu fleiri strákar áhugalausir.“



Skólinn




Daglegt líf



A word cloud featuring various Icelandic terms. The most prominent words are 'Ópersónuleg' (Impersonal) in large dark red font at the bottom, and 'Boðhátur' (Hostile) in large dark green font in the center. Other visible words include 'Fallorð' (Idiom), 'Hátt Fornafn' (High title), 'Kenniföll' (Nicknames), 'Hættir' (Habits), 'Afturbeygt' (Curved), 'Ábendingarforhöfn' (Warning of harm), 'Viðskeyttur' (Connected), 'Lýsingarhátur' (Descriptive hostility), 'Miðmynd' (Middle image), 'Sterk beyging' (Strong inflection), 'Aukafall' (Extra fall), 'Veik' (Weak), 'Óhlutstæð' (Impartial), 'Hlutstæð' (Partial), 'Samtenging' (Connection), 'Germýnd' (Kindness), 'Beyging' (Inflection), 'Forsetning' (Introduction), 'Atviksorð' (Adverb), and 'Hátt' (High).



BÆKUR GETA VERIÐ HAFSJÓR AF HUGMYNDUM



HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA - SAMFÉLAGIÐ

- Nýta mátt fyrirmynda í lífi ungs fólks
 - íþróttamenn
 - leikarar
 - tónlistarmenn
- Fjalla meira um það sem jákvætt er, styrkleika unga fólksins
- Láta rödd unga fólksins fá aukið vægi
- Styrkja bókaútgáfu og greina þarfir
- Efla stuðning við kennara
- Stuttir fræðsluþættir í sjónvarpi



HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA - SKÓLARNIR

- Auka val nemenda um efnistöð og leiðir í náminu - samræður
- Auka þátttöku nemenda í skipulagi skólastarfs - samræður
- Efla samvinnu nemenda, huga að félagslegu samhengi
- Auka þjónustu skólabókasafna og fjölga rithöfundaheimsóknum
- Kenna markvisst orðanáms- og lesskilningsaðferðir í öllum námsgreinum, alltaf
- Auka vægi fjölbreyttra kennsluhátta, skapandi vinnu, verklega nálgun, athafnamiðun
- Tengja nám nemenda við þeirra daglega líf og áhugasvið
- Nota kynjagleraugun á hverjum degi
- Slaka á 😊



VERKEFNI

- <https://www.youtube.com/watch?v=yRbx40zljTI>





HEIMILDIR

- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=4D59A0E31F2C3435002576F00058DD1B&action=openDocument>
- Good, T. L. G. og Brophy, J. E. (2008). *Looking in classrooms* (10. útgáfa). Boston: Pearson.
- Gray, J. og McLellan, R. (2006). A matter of attitude? Developing a profile of boys' and girls' responses to primary schooling. *Gender and Education* 18(6), 651–672. doi: 10.1080/09540250600980238
- Ingvar Sigurgeirsson. (2011). *Rannsóknin Starfshættir í grunnskólum. Kennsluáðferðir...samanburður eftir...* Ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun og Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs 18. – 19. nóvember 2011. Sótt af https://notendur.hi.is/ingvars/SAS/arsting2011/IS_malstofa.pdf
- Kohn, A. (2010). How to create nonreaders: Reflections on motivation, learning and sharing Power. *English Journal*, 100(1), 16–22. Sótt af <http://www.alfiekohn.org/teaching/nonreaders.htm>
- McLean, A. (2006). *The motivated school*. London: PCP
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla. Greinasvið 2013*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. (2014). „Sko ég get alveg lesið, en ég nenni ekki að lesa“ *Lestraráhugi drengja og leiðir kennara til að efla áhuga nemenda sinna á lestri*. Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/18724/44042/1/RagnheidurLilja_Ritgerd_kdHA.pdf
- Rúnar Sigþórsson. (2013). *...gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi? Svipmyndir af námsmenningu í fjórum efstu bekkjum 14 íslenskra grunnskóla*. Málþing Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar og Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs 30. maí 2013.
- Woolfolk, A. (2007). *Educational Psychology*. (10. útgáfa). Boston: Pearson.

